



Morgunblaðið/Golli

Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Kristín Guðnadóttir og Guðrún Kristjánsdóttir í Listasafni ASÍ.

DVALIÐ Í ANDRÁNNI

Augnablik tímans í landslaginu er viðfangsefni þriggja myndlistarkvenna sem opna samsýningu í húsi sem stendur við Freyjugötu í Reykjavík, nánar tiltekið Listasafni ASÍ. HEIÐA JÓHANNSDÓTTIR forvitnaðist nánar um verkefnið, sem er liður í Listahátíð í Reykjavík.

ANDRÁ nefnist samsýning Guðbjargar Lindar Jónsdóttur, Guðrúnar Kristjánsdóttur og Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá, sem verður opnuð í Listasafni ASÍ í dag kl. 14 og er framlag safnsins til Listhátíðar í Reykjavík. Á sýningunni er að finna málverk, textílvörk, innsetningar og myndbandsverk sem unnin eru út frá þáttum sem myndlistarkonurnar eiga sameiginlega í myndsköpun sinni. Þar myndar tíminn nokkurs konar grunnþema, líkt og vísað er til í titli sýningarinnar, André.

„Áherslan á tímarn lífsir þeirri undirleggjandi hugmynd sem við eigum sameiginlega í okkar vinnu. Allar sækjum við innblástur í náttúruna og höfum þar verið mjög uppteknar af því sem kemur og fer í náttúrunni, leikur á mörkum tíma og tímaleyfis, hreyfingar og kyrrstöðu,“ segir Kristín Jónsdóttir og bendir á hvernig fönn, vatn og birta eru gegnumgangandi viðfangsefni í verkunum.

Sýningin er dreifð á skemmtilegan hátt um húsið, en eftir að málverk og plexívrk hafa verið skoðuð í Ásmundarsalnum er gengið niður á jarðhæðina, þar sem hver sýnandi hefur afmarkað rými til rástöfunar. Í herbergi inn af útidryrunum sýnir Guðrún myndbandsverkið Þoku, í arnistofunni hefur Guðbjörg Lind unnið innsetninguna Ljósafoss og í Gryfju sýnir Kristín sviflétt textílvörk, nokkurs konar skýjamyndir. Segja má að flæði sýningarinnar nái jafnvel út fyrir vegg húsins, en þegar gengið er vestur með húsinu má sjá hvar verk Kristínar deyr út í trjánnum utan við gluggann. Uppi á suðursvölunum glitra síðan Dropar Guðbjargar Lindar auk þess sem sjá má Ljósafossinn frá öðru sjónarhorni inn um glugga arinstofunnar.

„Við höfum lagt mikla áherslu á að ná fram sterku samspili og tilfinningu fyrir heild í sýningunni. Þannig heimsóttum við hver aðra á vinnustofunum meðan við unnum að verkunum, og hefur Kristín Guðnadóttir annast sýningarstjórn. Í haust förum við

með sýninguna til Santiago de Compostela á Spáni. Borgin var ein af menningarborgum ársins 2000 og munum við sýna í kirkju sem er magnað sýningarrými. Þessi hugmynd kom upp í kjölfar þess samstarfs sem hófst með Reykjavík og Santiago á menningarborgarárinu. Í raun hefur þessi samsýning verið í bigerð alveg síðan,“ segir Guðbjörg.

Landslag í ólíkum birtingarmyndum

Hin staðbundnu tengsl náttúru og skynjunar hafa verið Kristínu Jónsdóttur mjög hugleikin í listsköpun sinni. Í gegnum samspil textílefnna, plexíglers og skriftar hefur hún skapað landslag sem er í senn sögulegt og einstaklingsbundið. Verk Kristínar í Ásmundarsal eru plexíglersplötur sem þaktar hafa verið þéttskrifuðum línunum staðarheita og örnefna frá Íslandi. Skriftin virkar við fyrstu sýn sem grafið mynstur en við nánari rýni greinir áhorfandinn ekki aðeins orð, heldur landslagið á bak við orðin. „Verkin tvö sem ég sýni virðast ekki mjög lík,“ segir Kristín. „Engu að síður eiga þau það sameiginlegt að vera mjög ljóðræn og það er landslag í þeim báðum, þó svo að það birtist á mismunandi hátt. Í örnefnaverkinu leitast ég við að kveikja myndir í huga áhorfenda í gegnum örnefni, en þau eru mjög merkilegur þáttur í íslenskri menningu og nátengd öllum skilningi okkar á landslaginu. Þau tæpulega þrjú þúsund nöfn sem ég hef skrifað á plötunarnar eru bæði nöfn frá þekktum stöðum, sem áhorfendur sjá fyrir sér þegar þeir lesa nafnið, og minna þekktum eða óþekktum stöðum. Í þeim tilfellum eru nöfnin myndræn og fela í sér sterka lýsingu á stöðunum. Sumir þessara staða eru jafnvel horfnir eða hafa öðlast nýtt samhengi í nýrri staðarheitum, s.s. götunöfnum,“ segir Kristín.

Guðrún Kristjánsdóttir hefur í sinni myndsköpun notað eyðilega fjallanáttúru sem grundvöll fyrir vangaveltur sínar um hina formrænu þætti málverksins. Í eldri

verkum lagði hún áherslu á einfalda og sterka formgerð. Í nýrri verkum hefur hún tekist á við nálægð fjallsins, fjallshlíðina, og má þar greina togstreitu milli nálægðar og fjarlægðar, kyrrstöðu og breytileika.

Í verkunum sem Guðrún sýnir í Ásmundarsal hefur þoka lagst yfir hin skörpu form fjallshlíðarinnar og hefur glíman við hið kvika og síbreytilega augnablik í samspili birtu og veðrabrigða færst í forgrunninn.

„Hin sterka, allt að því grafið á sýnd íslensks landslags hefur verið nokkurs konar rannsóknarverkefni hjá mér, og má ef til vill segja að á þessari sýningu sé ég komin út á ystu mörk natúralismans. Ég fór enn lengra í þessum þokuverkum mínum og er að vinna myndbandsverk eða hreyfimynd í samvinnu við Dag Kára kvikmyndagerðarmann sem einnig samdi tónlistina við verkið. Ég nálgast hreyfimyndina beinlínis í gegnum málverkið, en þar bætist við svigrúm til að vinna með hreyfinguna í samspili við tónlist. Mér finnst þetta ákaflega spennandi, og sýni brot af þessu verkefni hér. Í Santiago mun kannski reyna á hvort þessi andrá úr norðri nær að opna Spánverjum einhverja nýja glufu til norðurs,“ segir Guðrún.

Tíminn og vatnið

Vatn í ýmsum birtingarformum hefur verið leiðarstef í myndsköpun Guðbjargar Lindar. Í verkunum sem hún sýnir nú er fossinn áberandi, en hefur nú vaxið nokkuð að umfangi, og fyllir t.d. út í allan myndflötinn í verkinu Engilfoss og innsetningunni Ljósafossi. Birtubrigði og hugleiðing um hreyfingu og kyrrstöðu, gagnsæi, og allt að því trúarleg upphafning eru jafnframt þættir sem leita á í verkunum, sem einnig fela í sér árfarvegi og vatnsdropa. „Vatnið hefur lengi verið viðfangsefni hjá mér, án þess að ég geti sagt hvaðan nákvæmlega það kemur. Ég hef alla tíð verið vatnshrædd og er reyndar á sundnámskeiði núna í von um að yfirvinna þessa hræðslu. Innsetningin í arnistofunni, sem ég kalla Ljósafoss, er unnin út frá því sjónarhorni sem maður fær með því að fara á bak við fossa,“ segir Guðbjörg Lind. „En ég ákvað að leggja sterka áherslu á fossinn og vatnið í þessari sýningu, vegna þess að mér fannst það falla að tímaminninu sem tengir sýninguna saman. Ég held að okkur hafi tekist að ná fram sterkri heild á sýningunni, og vona að áhorfendur upplifi hér það flæði sem við höfum leitast við að skapa í húsinu,“ segir Guðbjörg Lind að lokum. Benda má að lokum á heimasíðu sýningarinnar á slóðinni www.moment.is

heida@mbl.is